

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2013-2014 1. nóvember 3. bréf


Frá skólastjóra

Í fyrsta fréttabréfinu okkar sagði ég frá því að þann 5. september byrjaði átakið göngum í skólann. Um leið hvatti ég foreldra til að láta börnin ganga eða hjóla í skólann en aka þeim ekki. Nú er árangurinn kominn í ljós og ljóst að yfir 90% nemenda koma gangandi eða hjólandi.

Við getum verið ánægð með niðurstöðuna en þetta er svipaður árangur og í september 2012 og munum að við getum alltaf gert betur.

Nú þegar skammdegið færist yfir er mikilvægt að börnin noti endurskinsmerki í umferðinni og hvet ég foreldra til að setja slík merki á fatnað og töskur barna sinna. Einnig er mikilvægt að reiðhjól séu með góð ljós ef þau eru notuð til að komast í skólann.

Síðast liðið vor lauk innleiðingu á SMT skólafærni í Síðuskóla sem hófst árið 2006. Nú er Síðuskóli orðinn sjálfstæður SMT skóli og var útskrifaður sem slíkur í maí 2013 þegar SMT fáninn var dreginn að húni með pompi og prakt. Í dag, 1. nóvember var haldið upp á SMT-daginn og unnið með einkunnarorð skólans, **vináttuna**. Árgangar blönduðust, spiluðu og léku sér saman úti og inni. Sjá myndir frá deginum á bls. 6.



SMT-skólafærni

Markmið SMT-skólafærni (hafnfirsk útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support/PBS) er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Þessi nálgun byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga, í Oregon í Bandaríkjunum, og er framkvæmd í samráði við þá.

SMT-skólafærni byggir á hugmyndafræði PMT-FORELDRAFÆRNI og er framkvæmd undir merkjum þeirrar þjónustueiningar, sem verið hefur leiðandi hér á landi í notkun og útbreiðslu PMT verkfæra til uppalenda. PMT (Parent Management Training) verkfærin eru vel rannsökuð af færustu sérfræðingum, notkun þeirra stuðlar að góðri aðlögun barna og þau eru því afar mikilvæg hjálpartæki. Foreldrum býðst að tileinka sér PMT-foreldrafærni jafnframt því sem skólasamfélagið á möguleika á innleiðingu SMT-skólafærni.



Frá SMT degi 1. nóv.

Helstu viðburðir í nóvember

- 1. nóv. SMT - dagur
- 14. nóv. Samverustund á yngsta stigi kl. 8.00
- 15. nóv. Dagur íslenskrar tungu
- 18. nóv. Skipulagsdagur - Frístund opin
- 26.-27. nóv. Þemadagar
- 29. nóv. Spurningakeppni unglingsstigs

Ábyrgðarmaður: Ólafur B. Thoroddsen



LESTRARÖMMUR Í SÍÐUSKÓLA

Í fyrravetur hófust viðræður deildarstjóra skólans við fulltrúa eldri borgara í Síðuhverfi um hvort þeir væru tilbúnir að koma í skólann og aðstoða kennara við lestrarkennslu, þ.e. að láta nemendur lesa, útskýra texta þegar þörf er á, segja e.t.v. sögur o.fl. Auglýsingar voru settar upp í félagsaðstöðu þeirra og útkoman varð sú að nokkrar konur voru tilbúnar að leggja okkur

lið hér í Síðuskóla. Það var svo þann 29. okt. síðast liðinn að fyrstu „lestrarömmurnar“ eins og við köllum þær komu í skólann og komu til aðstoðar inn í 2., 3. og 4. bekk. Börnin tóku þeim mjög vel og fannst svo spennandi að fá að lesa hjá þeim að t.d. myndaðist biðröð í 3. SES. Við bjóðum lesrtrarömmurnar hjartanlega velkomnar í skólann og þær eiga þakkir skyldar fyrir að vilja gefa okkur af tíma sínum og vonum við að samstarfið verði öllum til gagns og gamans eins og fyrsta heimsókn þeirra gaf fyrirheit um.

Hitunaraðstaða fyrir nemendur í matsal

Búið er að setja örbylgjuofn í matsalinn fyrir nemendur þannig að þeir geta hitað þar nesti í hádeginu. Þetta er tilraun og í ljós kemur hve margir nýta sér þetta og hvernig gengur. Ef margir nota þennan möguleika og umgengni verður góð munum við bæta aðstöðuna. Foreldrar eru hvattir til að senda börn sín með hollt nesti í skólann og munið að hægt er að fá hafragraut á morgnana áður en skóli hefst.

NEMENDARÁÐ

Kosið hefur verið í nemendaráð Síðuskóla.

Kosningu hlutu þau:

Jón Stefán og Kolbrún fyrir 10. bekk

Haukur og Jörundur fyrir 9. bekk og Haukur situr í skólaráði.

Hulda Margrét og Sævar fyrir 8. bekk, Hulda situr í skólaráði.

Jörundur og Hugrún fyrir 7. bekk

Auður Katrín og Elvar fyrir 6. bekk.

Nemendur bera ábyrgð á starfinu og hafa einn kennara sér til leiðsagnar sem er Helga Dögg Sverrisdóttir umsjónarkennari í 7. bekk.



Hlutverk nemendaráðs:

- Nemendaráð er andlit skólans út á við.
- Nemendaráð tekur þátt í mótun stefnu skólans fyrir hönd nemenda.
- Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.
- Nemendaráð kemur fram sem fulltrúi nemenda.
- Nemendaráð skipuleggur skemmtilega og uppbyggilega afþreyingu fyrir nemendur skólans.
- Nemendaráð kys 2 fulltrúa í skólaráð, formaður er sjálfkjörinn og hinn skal vera úr 8.-10. bekk.



Aðalnámskrá grunnskóla

Fræðslufundur Heimila og skóla um nýja aðalnámskrá

Nýja aðalnámskráin boðar talsverðar breytingar og uppstokkun á starfsháttum og inntaki náms á Íslandi. Af þeim sökum standa Heimili og skóli fyrir kynningarfundum víðs vegar um landið árið 2013 þar sem foreldrum er boðið að koma og fræðast um nýja námskrá. Á kynningunum verður farið í eftirfarandi atriði:

- Grunnþættir menntunar
- Ný og fjölbreytt vinnubrögð
- Hæfni og lykilhæfni
- Nýtt námsmat
- Skörun hæfniprepa

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 5. nóvember kl. 18 á sal Brekkuskóla á Akureyri.

Samhliða fundunum útbúa samtökin fjölbreytt fræðsluefni sem birt er á vef samtakanna

(www.heimillogskoli.is/adalnamskra).



Úr skólalífinu

„Tónlist, hreyfing, skapandi starf“

Nokkrir nemendur, þau Þormar og Sölvi í 7. bekk og Hanna Dröfn í 6. bekk, sækja tíma sem kallast „**Tónlist, hreyfing, skapandi starf**“ . Í þessum tímum eru fjölbreytileg verkefni. Fimmtudaginn 10. október fóru þessir nemendur ásamt kennurum sínum í vettvangsferð í Hæfingastöðina við Skógarlund. Starfsfólk Hæfingarstöðvarinnar tók vel á móti hópnum og Sölvi, Þormar og Hanna Dröfn fengu m.a. að mála og þæfa ull. Þetta var bæði fróðleg og skemmtileg ferð.



DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU - STÓRA UPPESTRARKEPPNIN



Keppnin hefst ár hvert á degi íslenskrar tungu 16. nóvember, og lýkur í mars með því að valdir eru þrír bestu upplestrarar í hverju byggðarlagi, eða í umdæmi hversrar skólaskrifstofu.

Keppnin skiptist í tvo hluta, ræktunar- og keppnishluta.

Ræktunarhlutinn er sá hluti upplestrarkeppninnar sem mestu máli skiptir. Hann miðast við tímabilið frá degi íslenskrar tungu fram í lok febrúar. Á þessu tímabili er lögð sérstök rækt við vandaðan upplestur og framburð í hverjum bekk. Lögð hefur verið áhersla á að íslensku máli væri jafnan nokkur sómi sýndur við upphaf keppninnar í 7. bekk, og þá gjarnan fengnir verðlaunahafar frá fyrra ári til að lesa upp. Þær vikur í skólunum, sem helgaðar eru vönduðum upplestri, eru alfarið í höndum kennara.

Hátíðarhlutinn er það sem kalla mætti hina eiginlegu „keppni“. Hann er í tvennu lagi. Annars vegar er upplestrarhátíð í hverjum skóla í lok febrúar þar sem tveir til þrír nemendur eru valdir til áframhaldandi þátttöku í keppninni fyrir hönd skólans. Hins vegar er lokahátíð í héraði, sem haldin er í góðum samkomusal í byggðarlaginu í mars. Þar koma saman fulltrúar skólanna í héraðinu, einn, tveir eða þrír úr hverjum skóla, og lesa ljóð og laust mál sem þeir hafa undirbúið vandlega.

Hafa ber í huga að „keppnin“ er í raun aðeins formsatriði, nokkurs konar staðfesting á þeim árangri sem náðst hefur í skólastarfinu, og því miklu meir í ætt við uppskeruhátíð. Ekki skiptir máli hver sigrar, heldur það að tekist hafi að virkja nemendur til að vanda upplestur sinn um veturinn.

Skólarnir sjá sjálfir um þá þætti keppninnar sem fram fara í skólunum en skólaskrifstofur hafa umsjón með lokahátíð keppninnar í héraðinu í ár.



Nemendur í 5. bekk á samverustund 18. okt.

Veturinn 2012-2013 byrjuðum við að hafa samverustundir á yngsta- og miðstigi 1x í mánuði. Þá safnast nemendur saman á sal, hvort stig fyrir sig, og eiga ca. hálf tíma stund saman þar sem bekkirnir skiptast á um að vera með einhverja uppákomu.

Tilgangurinn með þessum stundum er að:

1. Æfa framsögn, framkomu og tjáningu
2. Vinna með gildi skólans: Ábyrgð, virðingu og vináttu
3. Syngja saman (skólasönginn o.fl.)
4. Efla liðsandan.

Í vetur ætlar unglingastigið einnig að hafa samverustundir 3 x yfir veturinn til að byrja með. Á fyrstu

bls. þessa fréttabréfs má sjá hvenær samverustundirnar verða og viljum við bjóða þeim foreldrum sem eiga heimangengt að koma og fylgjast með sérstaklega þegar bekkur þeirra barna er með atriði. Athugið þó að samverustund miðstigs fellur niður í þessum mánuði.



Tæknifólk í Búrinu

Jól í skókassa—7. bekkur

Sjöundi bekkur tekur þátt í verkefni „Jól í skókassa“ ásamt umsjónarkennurum. Pakkarnir verða sendir til Úkraínu til barna sem búa við slæm skilyrði. Verkefnið gengur út á að nemendur safna í skókassa, sem jólapappír er settur utan um, gjöfum handa stelpu eða strák á ákveðnum aldri. Þau vinna 2-3 saman og hugmyndin er að börnin leggi til 1000 krónur hvert. Beðið er um ákveðna hluti í pakka eins og tannbursta og tannkrem. Svo má setja skóladót, leikföng, húfu, vettlinga, trefil, sápu, þvottapoka, eða hvað annað sem krökkunum dettur í hug. Einhver á ömmu eða afa sem þrjóna. Beðið er um hrein fót ef þau eru notuð, ekki slitin eða skítug. Þeir frábiðja sig stríðstólum hvers konar, brothættum hlutum og spilastokkum. Í Úkraínu tengjast spilastokkar fjárhættuspilum sem er stórt vandmál þar í landi. Við óskuðum eftir

nammi hjá Nóa/Síríus þar sem óskað er eftir slíku í kassana. Sölustjóri þeirra Norðanlands tók vel í beiðnina og tekur þátt í verkefni með okkur.

Textilkennarinn tekur þátt í verkefni og leyfir nemendum að sauma t.d. hárbönd, bolta eða annað sem gæti verið gaman að gefa. Krakkarnir mega koma með dót að heiman, fara á Herinn, Fjölsmiðjuna eða Rauða krossinn og kaupa nysamlega hluti. Hér er krækja á verkefni sem hægt er að skoða; <http://www.kfum.is/category/aeskulydsstarf/skokassar/>

Kveðja, Helga Dögg og Jóhanna.



Úr skólalífinu



Smíðakennari Síðuskóla s.l. 15 ár er Gunnlaugur Jóhannsson. Hann er húsasmiður og byggingafræðingur að mennt og við teljum okkur mjög heppin að fá að njóta starfskrafta hans hér í Síðuskóla.



Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu. (Aðalnámskrá grunnskóla/2011)

HÖNNUN OG SMÍÐI

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremstað gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Námsgreinin byggir því í senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum um uppeldi og menntun. (Aðalnámskrá grunnskóla/2011)



Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna. Kennarar eru hvattir til að nota efni úr nærumhverfi og nýta íslenska skóginn þar sem þess er kostur. Nemandinn öðlast einnig innsýn í heim tækninnar sem eykur skilning og eflir læsi hans á manngert umhverfi.



Úr skólalífinu

Vináttan blómstraði á SMT deginum í dag, 1. nóvember. Þá unnu yngri og eldri nemendur saman að ýmsum verkefnum tengdum *VINÁTTUNNI*. Á þessari blaðsíðu má sjá nokkrar myndir frá deginum.



MATUR OG NÆRING

Gott mataræði - nokkur RÁÐ

Borðaðu morgunmat. Trefjaríkur, næringarríkur morgunmat er besta leiðin til að byrja nýjan dag, full/ur af orku. Fáðu þér t.d. gróft brauð, hafragraut eða sykurlítið morgunkorn (t.d. Cheerios, músli, Weetabix, Allbran o.s.frv.).

Borðaðu þrjár góðar máltíðir á dag:

Eins og kóngur á morgnana (mikið), drottning í hádeginu (minna) og hirðífl á kvöldin (minnst). Reyndu að borða á svipuðum tíma dagsins alla daga.

Borðaðu mikið af ávöxum og grænmeti.

Þeir eru hollir, næringarríkir, trefjaríkir, litríkir og bragðgóðir.



MATSEÐILL – NÓVEMBER 2013



4.	5.	6.	7.	8.
Plokkfiskur og rúgbrauð Ávextir	Lasagne, snittubrauð og grænmeti	Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, steiktur laukur og sveppir	Pizza	Mjólkurgrautur, slátur og smurt brauð
11.	12.	13.	14.	15.
Hakk, spaghetti og snittu -brauð.	Fiskibuff, kartöflur, grænmeti, steiktur laukur og sósa. Ávextir	Svínasnitzel, kartöflur, rauðkál, grænar baunir og sulta	Fiskur í ofni, ferskt grænmeti og sósa	Skyr og ávextir
18.	19.	20.	21.	22.
Skipulagsdagur	Hakkbollur, kartöflur, hrísgrjón og súrsæt sósa	Fiskiklattar, kartöflur, grænmeti og sósa. Ávextir	Pönnukökur m/kjúklinga -strimlum og salsasósu	Súpa, brauð og ávaxtabar
25.	26.	27.	28.	29.
Þorskbítar, Kentuky kryddhjúpaðar kartöflur, grænmeti og sósa	Grillaðar samlokur og djús	Pasta, brauð, sósur og ávextir	Soðinn lambsbógur, kartöflur, hrísgrjón og karrýsósa	Fiskur í ofni, kartöflur, grænmeti og ávextir